

Reykjavík 24. maí 2018

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 35/1970, um Kristnisjóð o.fl., með síðari breytingum (ókeypís lóðir). Þingskjal 371 — 269. mál.

Ástæða er til að andmæla því frumvarpi sem tíu þingmenn frá flokkum Pírata og Viðreisnar hafa lagt fram þar sem lagt er til að 5. gr. laga nr. 35/1970 verði felld brott. Lagagreinin er þessi:

Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypís lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. [Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni og er þá sveitarfélagi skylt að leggja til ókeypís lóð undir íbúðarhús hans ef um lögboðið prestssetur er að ræða.]

Í frumvarpinu er tekið fram að óljóst sé af þessari lagagrein hvort þær kirkjur, sem sveitarfélögum er skylt að útvega ókeypís lóðir fyrir og undanskilja gatnagerðargjaldi, einskorðist við kirkjubyggingar þjóðkirkjunnar eða nái einnig til kirkjubygginga annarra skráðra trúfélaga og jafnvel sömuleiðis til sambærilegra helgra bygginga skráðra trúfélaga af öðrum trúarbrögðum en kristindómi. Ennfremur er gefið í skyn að 62. gr. stjórnarskrárinnar sem skilgreinir hina evangelísku lúthersku kirkju sem þjóðkirkju og kveður á um að ríkið skuli þar með styðja hana og vernda sé í mótsögn við 65. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til m.a. trúarbragða, skoðana og þjóðernisuppruna. Þó er bent á að sveitarfélög líti „svo á að á grundvelli jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar beri þeim einnig að leggja til ókeypís lóðir undir sambærilegt húsnæði annarra skráðra trúfélaga og undanskilja þær gatnagerðargjaldi, þó svo að lög um Kristnisjóð o.fl. vísi til hinnar íslensku þjóðkirkju“.

Athygli vekur að í frumvarpinu er reynt að stilla þeim ágreiningi hvort túlka beri 5. gr. laga nr. 35/1970 þröngt (þannig að hún eigi eingöngu við kirkjubyggingar þjóðkirkjunnar) eða vítt (þannig að hún nái á grundvelli jafnræðisreglunnar einnig til helgra bygginga allra skráðra trúfélaga óháð trúarbrögðum) upp sem ágreiningi milli trúarhópa sem geti valdið alvarlegum samfélagsnúningi. Vissulega hafa andstæðingar múslima og trúarbragða þeirra íslams beitt sér mjög gegn því undanfarin ár að Reykjavíkurborg úthluti Félagi múslima á Íslandi lóð fyrir byggingu mosku og hefur orðræða samtaka á borð við Mótmælum mosku á Íslandi og Vakur: samtök um evrópska menningu verið einstaklega

hatursfull í því sambandi.¹ Þjóðkirkjan hefur hins vegar hvorki sett sig upp á móti lóðaúthlutun til þessa tiltekna trúfélags múslima né annarra skráðra trúfélaga sem sömuleiðis hafa myndað formleg tengsl við ríkisvaldið og andmælir því ekki heldur að 5. greinin sé túlkuð vítt á grundvelli jafnræðisreglunnar. Þvert á móti hefur þjóðkirkjan sóst eftir jákvæðum tengslum við öll þau fimm félög múslima sem til staðar eru í landinu og starfar með þeim öllum á ýmsum sviðum, m.a. innan Samráðsvettvangs trúfélaga og lífsskoðunarfélaga á Íslandi. Velflest önnur skráð trúfélög í landinu sjá sömuleiðis ekkert athugavert við lóðaúthlutun til annarra skráðra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga. Það er helst Siðmennt sem styður frumvarpið á grundvelli þess siðræna húmanisma sem það félag boðar og hvernig það túlkar veraldlegt samfélag.

Vandinn sem frumvarpið vísar til og reynir að gera trúfélögin ábyrg fyrir er í raun fyrst og fremst til staðar hjá þeim einstaklingum og samtökum trúarbragðaandstæðinga af ýmsum toga sem umbera ekki íslenskt fjölmenningsamfélag í trúarefnum og láta umburðarleysi og hatursmálflutning stýra orðræðu sinni. Sú lausn er ótæk að láta undan þrýstingi frá þeim sem helst vilja stuðla að spennu og ágreiningi milli trúfélaga. Samt er það sú lausn sem flutningsmenn frumvarpsins kjósa en þeir fullyrða í niðurlagsorðum þess að trúar- og lífsskoðunarfélög séu í eðli sínu umdeild og geti því verið stutt í hatursfulla orðræðu sem sé á skjön við markmið opinna og upplýstrar umræðu. Það er út af fyrir sig rétt að innan allra trúarbragða takast á viðhorf sem geta ýmist verið útilokandi og þröngsýn eða umburðarlynd og víðsýn. Þó er er ofmælt og engan veginn lýsandi fyrir íslenskar aðstæður að þau trúfélög og lífsskoðunarfélög sem eru með formleg tengsl við ríkið beri ábyrgð á einhverri sérstakri hatursorðræðu í tengslum við lóðaúthlutanir og trúarbyggingar. Ennfremur er það ekki endilega sök viðkomandi félaga þótt einhverjir umberi þau ekki.

Það hlýtur að vera hlutverk ríkisvaldsins að veita rými fyrir jákvæðar hliðar trúarinnar og stuðla að vexti þeirra en draga úr eða sporna gegn hinu neikvæða. Slíkt er í þágu heilbrigðs fjölmenningsamfélags. Það á hins vegar ekki að koma niður á trúfélögum sem eru í formlegum tengslum við ríkið og hafa ýmsum skyldum að gegna gagnvart því og almenningi að það sé til staðar einhver fjöldi fólks og skipulögð samtök sem vilji á grundvelli óvildar sníða þeim sem þrengstan stakk í samfélaginu og leggja á þau þyngri fjárhagslega bagga til þess eins að það komi sem verst niður á starfi þeirra. Enn aðrir hafa tekið þá afstöðu að þó svo að kirkjur, moskur og aðrar trúarbyggingar eigi að vera sjálfsagður hlutur í íslensku samfélagi þá beri viðkomandi trúfélögum eingöngu að fá lóðir undir þær á markaðsvirði í samkeppni við alla aðra. Þó svo að það sjónarmið helgist ekki endilega af trúarbragðaandúð ber það engu að síður vott um djúpstætt skilningsleysi á vægi trúarsamfélaga og er að auki fjárhagslega verulega íþyngjandi fyrir viðkomandi félög og getur hamlað eðlilegri og nauðsynlegri starfsemi þeirra.

Þó svo að sveitarfélögin hafi fyrir löngu sýnt fram á það með stefnumörkun sinni að eðlilegt sé að túlka 5. gr. laga nr. 35/1970 á grundvelli jafnræðisreglunnar í þágu allra þeirra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga sem myndað hafa formleg tengsl við ríkisvaldið og hafa sambærilegum skyldum að gegna gagnvart því og almenningi eins og þjóðkirkjan þá má engu að síður alveg taka undir það sjónarmið að það mætti skerpa á því ennfremur í sjálfum lagatextanum. Sömuleiðis væri nauðsynlegt að bæta við lagagrein þess efnis að lóðum verði því aðeins úthlutað til trúfélaga að þau sýni fram á að þau geti fjármagnað byggingarframkvæmdirnar og lokið við þær innan tiltekins tíma og muni að sama skapi sannarlega nýta

¹ Sjá t.d. Bjarni Randver Sigurvinsson: „Múslimahatur á Íslandi. Áhrif og afdrif samtakanna Mótmælum mosku á Íslandi.“ *Sigurjónsbók. Afmælisrit til heiðurs Sigurjóni Árna Eyjólfssyni sextugum*. Ritstjórn: Brynjólfur Ólason, Haraldur Hreinsson & Stefán Einar Stefánsson. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík. 2017. Bls. 55-85.

húsnæðið fyrir helgihald og trúarstarfsemi. Í flestum tilfellum er það alls ekki hagur trúfélaga og lífsskoðunarfélaga að leggjast í fjárfrekar byggingarframkvæmdir og kjósa þau yfirleitt mun frekar að nýta húsnæði sem þegar er til staðar með því annað hvort að festa kaup á því eða leigja það. Sé lagatextinn skýr hvað þetta varðar dregur það verulega úr líkum á því að trúfélög og lífsskoðunarfélög sæki um lóðaúthlutun þrátt fyrir að geta ekki staðið undir fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum. Þá mætti e.t.v. einnig skerpa á því að það sé sveitarfélaginu í sjálfs vald sett hvar lóðaúthlutunin eigi sér stað í byggðarlaginu og taki þar m.a. mið af meðlimafjölda viðkomandi trúarfélags á svæðinu.

Full ástæða er til að endurskoða allar lagagreinir um trúfélög og lífsskoðunarfélög í landinu í heild sinni til að tryggja betur hag þeirra og eðlilegt jafnfræði í íslensku fjölmenningsarsamfélagi enda er ýmislegt sem má þar betur fara. Við teljum reyndar ekki að stjórnarskrárkvæðið um þjóðkirkju stangist á við trúfrelsi vegna þess að félagafrelsi er þar einnig tryggt en lítum engu að síður svo á að ástæða sé til að skerpa á því bæði í stjórnarskrá og lögum að ríkinu beri að styðja og vernda öll félög í landinu sem njóta stöðu skráðra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga. Ennfremur teljum við að þeim félögum, sem eiga kost á skráningu, eigi að vera það í sjálfsvald sett hvort þau skilgreini sig sem trúfélög eða lífsskoðunarfélög enda er það fyrst og fremst komið undir því hvernig þau kjósa sjálf að túlka trúarhugtakið.² Þá er ekki óeðlilegt að þjóðkirkjuhugtakið eða ígildi þess geti náð til allra skráðra trúfélaga- og lífsskoðunarfélaga sem kjósa að skilgreina sig með þeim hætti en þjóðkirkjuhugtakið vísar fyrst og fremst til þess þjónustuhlutverks sem viðkomandi kirkja og söfnuðir hennar inna af hendi gagnvart landsmönnum í tengslum við ríkið og samfélagið allt. Þjóðkirkjur eða ígildi þeirra geta alveg verið margar. Í stað þess að fella út 5. gr. laga nr. 35/1970 í heild sinni eins og frumvarpið leggur til væri nær að endurskoða lagagreinina með tilliti til þeirra athugasemda sem hér hafa verið settar fram í tengslum við heildstætt endurmat á allri löggjöfinni um trúfélög og lífsskoðunarfélög.

Það væri mikið ólán fyrir trúfélögin í landinu og eflaust ýmis yfirlýst lífsskoðunarfélög líka ef lagagreinin yrði felld burt í heild sinni og aukinn fjárhagslegur baggi þar með lagður á þau. Slíkt er ekki í þágu íslensks fjölmenningsarsamfélags og það kemur ekki síst niður á hinum ýmsu trúarlegu minnihlutahópum sem fest hafa rætur í landinu og eru allt annað en fjársterkir. Það eru fullgild rök að ríkið og sveitarfélög þess viðurkenni og virði það vægi sem trú og trúarsíðir hafa fyrir fólk á allri lífsleið þess og veiti því rými til að leggja rækt við allt slíkt innan trúfélaga sinna á grundvelli viðkomandi trúarbragða í öllum sínum menningarlega jákvæða margbreytileika. Það er því fullkomlega í þágu íslensks fjölmenningsarsamfélags að „dýrmætu landi“ sé ráðstafað til slíks án endurgjalds og raunar er enginn skortur á landrými hér á landi. Trúfélög eru ennfremur ekki eins og hver önnur tólmstundarfélög eða stjórnmalaflokkar.

Svo mega stjórnvöld gjarnan hafa það í huga að ýmsar lóðir sem þjóðkirkjunni og öðrum trúfélögum gæti staðið til boða á komandi árum á grundvelli 5. gr. laga nr. 35/1970 geta vel verið gamlar kirkjujarðir. Auk þess má ekki gleyma því að ríkið hefur verið rækilega gagnrýnt fyrir að vanreikna fjárveitingar sínar til þjóðkirkjunnar ítrekað frá aldamótum og standa ekki skil á öllum þeim sóknargjöldum sem henni ber á

² Sjá t.d. athugasemd okkar við lagafrumvarpið þar sem svonefnd lífsskoðunarfélög voru samþykkt til hliðstæðrar skráningar við trúfélög: <http://www.althingi.is/altext/erindi/141/141-1290.pdf>. Um þessa athugasemd okkar sagði alþingismaðurinn Skúli Helgason á Alþingi 29. janúar 2013: „Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að sá tími kunnir að koma að sú leið sem hér er farin, að draga fram mismunandi skilgreiningar á þessum félögum, verði endurskoðuð og í framtíðinni kunnir að skapast skilyrði fyrir einni skilgreiningu á þessum félögum, en ég held að við séum ekki komin á þann stað enn.“ (<http://www.althingi.is/altext/raeda/141/rad20130129T151421.html>.) Sjálfir teljum við að það hafi verið ólán að Alþingi hafi ekki tekið mið af almennri trúarbragðafræði þegar lagatextinn um trúfélög og lífsskoðunarfélög var mótaður á sínum tíma og sé því full þörf á að endurskoða lögin aftur sem fyrst.

grundvelli kirkjujarðasamkomulagsins frá 1997 þegar hún afhenti ríkinu um 600 jarðir til eignar.³ Loks má benda á að það frjálshyndi og umburðarlyndi sem ríkt hefur innan þjóðkirkjunnar frá upphafi síðustu aldar hefur átt sinn þátt í því að skapa grundvöll fyrir það fjölmenningsamfélag sem myndast hefur hér í dag. Frumvarpið er því miður ekki í þágu fjölmennings.

Virðingarfyllt,

Bjarni Randver Sigurvínsson
guðfræðingur og trúarbraðgafræðingur og stundakennari í trúarbraðgafræði og kvikmyndafræði við Guðfræði- og trúarbraðgafræðideild og Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands.

Pétur Pétursson
prófessor í kennimannlegri guðfræði við Guðfræði- og trúarbraðgafræðideild Háskóla Íslands.

³ Ólafur Eiríkur Þórðarson: „Möguleikar kirkjunnar til hagræðingar ekki fullreyndir.“ *Kjarninn*. 13. maí 2017. Vefur: <https://kjarninn.is/frettir/2017-05-11-thjodkirkjan-vill-auknar-fjarveitingar-vegna-godaeris/>; Sjá ennfremur t.d.: <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisradunevti-media/media/frettir-2014/Skvrsla-starfshops-um-fjarhagsleg-malefni-kirkjunnar-juli-2014.pdf> & <http://kirkjan.is/2011/11/soknargjald-hefur-laekkad-meira-en-fjarveitingar-til-annarra/>.